

PG Verktakar. Umhverfisskýrsla 2018.

Umhverfismál.

Á árinu 2018 ákváðu PG Verktakar að taka umhverfismál sín fastari tökum. Forsenda þess var að ná utan um orkunotkun og sorpförgun við rekstur fyrirtækisins og framkvæmdir á vegum þess.

PG Verktakar hafa í þessum tilgangi tekið í notkun umhverfistjórnunarhugbúnaðinn Klappir EnviroMaster frá fyrirtækinu Klappir, Grænar lausnir hf.

PG Verktakar hafa jafnframt sett sér eftirfarandi grunnmarkið varðandi umhverfismál.

Umhverfismarkmið PG Verktaka:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Minnka úrgang til urðunar með bættri flokkun sorps.
- Viðhafa ábyrga stýringu á notkun raforku og vatns.
- Mæla og miðla upplýsingum um stöðu og árangur í umhverfismálum.
- Auka umhverfisvitund starfsmanna.

Áherslur í umhverfismálum.

Undanfarna mánuði hafa PG Verktakar lagt áherslu á að ná inn í umhverfisstjórnunarhugbúnaðinn upplýsingum úr gagnalindum um öll orkukaup fyrirtækisins og sorpförgun þess.

Í byrjun árs 2019 var farið í ítarlega greiningu á sorpförgun fyrirtækisins og í framhaldi voru settar verklagsreglur um flokkun sorps með ítarlegum upplýsingum um sorpflokka, gerð merkinga og skipulag. Við uppsetningu nýrra verkstaða er hugað að skipulagningu sorpsvæða í samræmi við þessar verklýsingar. Fylgst verður reglulega með hvaða árangri þær aðgerðir munu skila í bættri flokkun sorps.

Aðgerðaráætlun á árinu 2019.

Nú þegar PG Verktakar eru að fara inn í sitt fyrsta heila starfsár þar sem við getum fylgst reglulega með losun gróðurhúsalofttegunda, þá stefnum við á að finna á árinu raunhæfa mælikvarða til að meta losun vegna framkvæmda á vegum fyrirtækisins. Eðli starfseminnar vegna sveiflast umfang hennar á milli ára og því er nauðsynlegt að hafa mælikvarða svo hægt sé að gera raunhæfan samanburð um árangur miðað við umfang starfseminnar hverju sinni.

Um þrjá flokka losunar er að ræða.

- **Umfang 1:** Tekur til losunar vegna eldsneytisnotkunar bíla og vinnutækja. Hér felast tækifærin í því skoða valkosti umhverfisvænni orkugjafa við endurnýjun tækja, s.s. rafmagn eða metan.
- **Umfang 2:** Hér er um að ræða losun vegna rafmagnsnotkunar og notkunar á heitu vatni. Hafa þarf í huga að umgangast þessa orkugjafa á ábyrgan hátt.
- **Umfang 3:** Í þennan flokk fellur öll sorplosun vegna starfsemi fyrirtækisins. Hér verður í fyrstu lögð áhersla á betri flokkun sorps með skýrum verklagsreglum og leiðbeiningum.

Umhverfisuppgjör

Neðangreint uppgjör sýnir kolefnisspor PG Verktaka á árinu 2018 ásamt magntölum sem liggja að baki útreikninga á því. Í því koma einnig fram aðrir þættir eins og magn úrgangs og notkun orkugjafa.

PG Verktakar 9.5.2019.

ÞG Verktakar Umhverfissuppgjör (E)	Eining	2018
Losun gróðurhúsalofttegunda (E1 UNGC-P7 GRI 305-1,305-2,305-3)		
Umfang 1	tCO ₂ i	219,7
Umfang 2 (með afskráningu upprunaábyrgða)	-	70,3
Umfang 3	-	306,5
Heildarlosun umfanga 1, 2 og 3	tCO ₂ i	596
Kolefnisspor	tCO₂i	596
Kolefniskræfni (E2 UNGC-P7 GRI 305-4)		
Kolefniskræfni orku	tCO ₂ i/MWst	0,07
Kolefniskræfni tekna	tCO ₂ i/ISK mlja.	0,06
Orkukræfni (E4 UNGC-P7 GRI 302-3)		
Orkukræfni tekna	kWst/ISK mlja.	861
Bein og óbein orkunotkun (E3 UNGC-P7 GRI 302-1, 302-2)		
Heildarorkunotkun	kWst	8.640.808
Þar af vegna jarðefnaeldsneytis	-	855.455
Þar af vegna raforku	-	639.752
Þar af vegna heitavatns	-	7.145.600
Helstu orkugjafir (E5 UNGC-P7 GRI 302-1)		
Helsti orkugjafi	Tegund	Heitavatn
Endurnýjanleg orka (E6 UNGC-P7,P8,P9 GRI 302-1)		
Hlutfall endurnýjanlegrar orku	%	90,1%
Vatnsnotkun (E7 UNGC-P7 GRI 403-5)		
Heildarnotkun á heitu neysluvatni	m ³	123.200
Orkugjafir ökutækja		
Eldsneytisnotkun bifreiða	lítrar	85.880
Þar af metan	%	0,0%
Þar af bensín	-	14,5%
Þar af díesel	-	85,5%
Þar af vetni	-	0,0%
Meðhöndlun úrgangs (E8 UNGC-P7 GRI 306-2)		
Heildarmagn úrgangs	kg	1.377.820
Þar af flokkaður	-	786.010
Þar af óflokkaður	-	591.810
Endurrunnið	-	492.280
Urðað	-	885.540
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	57,0%
Hlutfall endurunnins úrgangs	-	35,7%
Kolefnisgjöld		
Kolefnisgjald, gas- og dísi-lólía	ISK / lítra	9,45
Kolefnisgjald, bensín	ISK / lítra	8,25
Kolefnisgjald, brennslu-olífa	ISK / kg	11,65
Kolefnisgjald, jarðolífa o.fl.	ISK / kg	10,35
Kolefnisgjald (ESR)	ISK	796.677
Kolefnisgjald (ETS)	ISK	-